

## **Adam Rutherford og framtíð Íslands.**

Eg gat þess fyrir nokkru, að höfundur bókarinnar „Iceland's great Inheritance“ (Hinn mikli arfur Íslensku þjóðarinnar) héldi það sem hann kallar „Icelandic Gatherings“ í Lundúnum fyrsta laugardag hvers mánaðar. En hann lætur ekki þar við sitja. Hann er að vinna að því, að þesskonar samkomur verði einnig haldnar í New York og mun standa fyrir þeim Mr. Julius A. Graeves, sem hann segir að sé mjög hrifinn af þessari hugsun um hið þýðingarmikla hlutverk íslensku þjóðarinnar, sem sett er fram í bókinni sem eg nefndi. Þá nefnir hann sænskan Finna, hr. Konrad Englund, er hafi mikinn hug á að vinna að þessu máli í Canada. Mr. Rutherford segir, að áhugi á þessu efni sé að breiðast út, og nú síðast hafi hann frá Suður-Afríku verið heðinn um 30 eintök af bókinni.

Það hefir oft verið á það minst, hve mjög Íslendingum væri þörf á, að meira væri um þá vitað úti í löndum en hingað til hefir verið, og þá vitanlega þannig, að það miði til að vekja

áhuga og velvild á landi og þjóð. Það er því ekki ólíklegt, að ýmsir muni telja það ánægjuefni, að oss hefir vakist upp Íslandsvinur, sem sækir það mál af öðrum eins áhuga og annari eins velvild og Mr. Rutherford. Er hér vissulega um að ræða mjög eftirtektarvert tákni tímanna, og ástæða til að tala í þessu sambandi um innblástur (Inspiration), árangur af þeim vilja sem er á „hærristöðum“, til þess að fá íslensku þjóðina rétt metna, og forða henni undan þeim voða, sem nú virðist svo mjög yfirvofandi.

25. nóv.

**Helgi Pjeturss.**

Samkomustaðurinn í Lundúnum er: The Oak Room, Kingsway Hall, Kingsway, W. C. 2.

7/4.12.37